

að greiða honum kr. 3.000.00 ásamt 7% ársvöxtum, sem þó þykir rétt, að verði reiknaðir frá þeim degi, er kröfulýsing barst skiptaréttinum, hinn 24. maí 1958. Svo og verður félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur in solidum gert að greiða sóknaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Því úrskurðast:

Félagsbú Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur greiði sóknaraðilja, Páli Kolbeins, kr. 3.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags. Félagsbúið og Guðlaug Helga Sveinsdóttir greiði sóknaraðilja in solidum kr. 1.000.00 í málskostnað.

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 186/1961. **Guðlaug Helga Sveinsdóttir**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

dánarbúi Þórarins Jónssonar og Ólafi Jóns-

syni og

búi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu
Sveinsdóttur (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómarnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr
prófessor.

Búskipti vegna hjónaskilnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 13. desember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 11. desember s. á. Í Hæstarétti hefur áfrýjandi uppi þessar kröfur: *Aðallega* að bú þeirra Ólafs Jónssonar verði sýknað af kröfum stefnda dánarbús Þórarins Jónssonar, en *til vara*, að kröfur þessar verði taldar sérkröfur á

hendur eiginmanni hennar, stefnda Ólafi Jónssyni, og goldnar af hjúskapareign hans. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess *ad allega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó þannig að kröfur þær, sem dæmdar voru, verði goldnar af hjúskapareign stefnda Ólafs Jónssonar. *Til vara* krefjast þeir þess, að áfrýjandi verði dæmd til að hlíta því, að framangreindar kröfur verði taldar skuldir eiginmanns áfrýjanda, stefnda Ólafs Jónssonar, við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er því lýst, að krafa sú, er Þórarinn Jónsson lýsti í bú áfrýjanda og eiginmanns hennar hinn 28. maí 1958 og árétuð var með yfirlýsingu skiptaráðandans í Vestmannaeyjum vegna dánarbús Þórarins Jónssonar hinn 6. júní 1961, stafar af bifreiðarkaupum eiginmanns áfrýjanda. Telja verður, að bifreið þessi hafi verið hjúskapareign eiginmanns áfrýjanda. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 ber áfrýjandi ekki ábyrgð á téðri kröfu, enda er ekki sannað, að hún hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á henni. Telja verður, að hér sé um gilda kröfu að ræða á hendur eiginmanni áfrýjanda, Ólafi Jónssyni, svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði. Samkvæmt 48. gr. laga nr. 20/1923 ber að halda aðgreindum hjúskapareignum hjóna við skipti vegna hjónaskilnaðar og ganga úr skugga um sérskuldir hvors um sig. Kröfu stefnda dánarbús Þórarins Jónssonar er því ranglega beint gegn áfrýjanda, og ber að sýkna hana af henni, en samkvæmt framansögðu ber að dæma hana til að hlíta því, að fjárkrafa sú, sem dæmd er í hinum áfrýjaða úrskurði, verði talin skuld eiginmanns hennar við búskiptin.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, ber að hlíta því, að framangreind fjárkrafa stefnda dánarbús Þór-

arins Jónssonar, að fjárhæð 15.000.00 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags, verði talin skuld stefnda Ólafs Jónssonar við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Að öðru leyti á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum stefndu í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 12. júní 1961.

Af hálfu sóknaraðilja, dánarbús Þórarins Jónssonar, Vestmannaeyjum, eru þær réttarkröfur gerðar, að félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur verði gert að greiða dánarbúinu kr. 15.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. nóvember 1956 til greiðsludags. Enn fremur að félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur verði in solidum gert að greiða sóknaraðilja málskostnað.

Ólafur H. Jónsson hefur samþykkt þessa kröfu sóknaraðilja, en Guðlaug H. Sveinsdóttir hefur aftur á móti krafizt þess, aðallega að kröfum sóknaraðilja verði með öllu hrundið, en *til vara*, að þær greiðist aðeins af búshelmingi Ólafs Jónssonar sem sérkrafa. Hvernig sem úrskurður gengur, krefst hún málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Var mál þetta tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fór fram hinn 8. þessa mánaðar.

Þau Ólafur Jónsson bifreiðarstjóri, nú til heimilis að Bugðulæk 13, og Guðlaug Helga Sveinsdóttir, nú til heimilis Mjölsholti 6, gengu í hjónaband í ágústbyrjun 1951. Hinn 15. október 1957 er hjónaskilnaðarmál þeirra tekið fyrir hjá borgardómaranum í Reykjavík samkvæmt kröfu konunnar. Ekki varð samkomulag um skiptingu eignanna, og var því atriði vísað til aðgerða skiptaréttarins. Þann 5. marz 1958 ritar umboðsmaður konunnar bréf til skiptaréttarins, þar sem hann óskar þess, að bú þeirra hjónanna verði tekið til opinberra skipta, og fylgdi bréfi þessu endurrit úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur. Skilnað að borði og sæng fengu aðiljar með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 6. júní 1958.

Uppskrift á eignum félagsbúsins fór fram hér í skiptaréttinum hinn 11. marz 1958, að báðum aðiljum viðstöddum. Komu fram við uppskriftina auk húsmuna ýmissa íbúð á Bústaðavegi

67 svo og bíllinn R 870 (DeSoto '47). Þess skal getið, að samkvæmt upplýsingum bifreiðaeftirlits ríkisins fékk bíll þessi skrásetningarnúmerið R 8259 hinn 2. desember 1958, og var hann seldur á uppboði þannig skrásettur. — Í lok uppskriftar var ákveðið að taka bú þetta til opinberrar skiptameðferðar, og enn fremur var ákveðið, að út skyldi gefin innköllun til skuldheimtumanna þess. Sjá endurrit af skiptabók, rskj. nr. 14 í máli þessu.

Innköllum til skuldheimtumanna var svo gefin út hinn 14. marz 1958 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu hinn 10. apríl sama ár.

Kröfu þeirri, sem skiptaréttarmál þetta er af risið, var lýst hingað í skiptaréttinn hinn 24. maí 1958. Byggist krafan á réttarskjali nr. 4 í málinu, en það er kvittun Ólafs Jónssonar, þar sem hann segir Útvegsbanka Íslands h.f. í Reykjavík hafa greitt sér að tilhlutan útibús bankans í Vestmannaeyjum fyrir hönd Þórarins Jónssonar kr. 15.000.00 hinn 26. nóvember 1956.

Því er haldið fram, að hér sé um að ræða lánveitingu Þórarins Jónssonar til bróður hans, Ólafs. Um nánari greinargerð fyrir kröfunni er vísað til yfirlýsingar Ólafs, sem lögð hefur verið fram á rskj. nr. 3 í máli þessu.

Í þessari yfirlýsingu segist Ólafur Jónsson hafa keypt bílinn R 870 af Hannesi nokkrum Kolbeins hinn 20. júlí 1956. Kaupverðið hafi verið kr. 50.000.00, og segist Ólafur hafa greitt það sumpart með því að taka að sér 25 þúsund króna skuld seljandans við föðurbróður hans, Pál Kolbeins, en hinn hluta kaupverðsins kr. 25.000.00 segist hann hafa getað greitt Hannesi með því að selja Kauphöllinni hér í bæ kr. 25 þús. víxil sinn. Sá víxill hafi átt að greiðast haustið 1956, og til þess að geta staðið í skilum um þá fjárhæð segist hann hafa fengið umræddar 15 þúsund krónur hjá bróður sínum Þórarni, þá búsettum í Vestmannaeyjum. Segist Ólafur hafa sótt þessa peninga í Útvegsbankann hér í bæ. Guðlaug Helga Sveinsdóttir, þáverandi eiginkona hans, hafi verið sér samferða í bankann, er hann sótti peningana, og einnig, er hann fór með þá og greiddi víxilinn í Kauphöllinni.

Ólafur segist hafa brúkað bílinn R 870 í þágu félagsbúsins, meðan hann átti bílinn. Hafi hann haldið bílnum úti á Bifreiðastöð Reykjavíkur, sbr. rskj. 15, og ekið honum í frístundum sínum, en hann hefur undanfarin ár starfað sem bílstjóri hjá Strætisvögnum Reykjavíkur. Hann getur þess, að bíllinn hafi

verið mjög viðhaldsfrekur og oft erfitt að halda honum í öku-færu ástandi.

Því er nú haldið fram af sóknaraðilja, að lán þetta hafi gengið til þess að kaupa bíl, sem haldið hafi verið úti á stöð, og af-rakstur þeirra ökustarfa hafi vissulega gengið til félagsbúsins. Við kaupin hafi bíllinn orðið eign félagsbúsins, og við uppboð hinn 9. desember 1958 hafi uppboðsverð hans gengið til búsins. Sé hér því um að ræða skuld, sem félagsbúinu beri afdráttar-laust að lúka.

Þess skal getið, að Þórarinn Jónsson er nú látinn, en lagt hefur verið fram í málinu sem rskj. nr. 12 símskeyti frá bæjar-fógetanum í Vestmannaeyjum, þar sem hann lýsir yfir samþykki skiptaréttar Vestmannaeyjakaupstaðar á innheimtu þessari.

Guðlaug Helga Sveinsdóttir vefengir, að Þórarinn Jónsson hafi lánað Ólafi nefnda fjárhæð til kaupa á bílnum R 870, og mótmælir skuldakröfu þessari með öllu. Ef svo yrði þó talið, að lán þetta hafi verið veitt til bílkaupanna, þá hljóti að vera um að ræða sérkröfu á hendur Ólafi. Hún hafi ekki verið höfð í ráðum um bílkaupin, heldur hafi Ólafur keypt bíl þennan án hennar vilja og vitundar, og hafi látið skrá hann á sitt nafn. Ekki hafi heldur svo farið, að hann hafi fengið neitt umboð hennar til þessarar lántöku. Hafi þessi bíll orðið hjúskapareign Ólafs, enda hafi hann brúkað bílinn í sjálfs síns þágu og heim-ilið alls ekki notið arðs af honum. Hafi Ólafur yfirleitt ekki lagt heimilinu og vanrækt það gersamlega.

Þau Ólafur Jónsson og Guðlaug Helga Sveinsdóttir hafa ekki gert með sér kaupmála fyrir giftingu né, á meðan á hjónabandi þeirra stóð. Það verður heldur ekki séð, að þau hafi komið með eignir með sér í búíð, að öðru leyti en því að Ólafur hafði keypt íbúð í húsinu Bústaðavegi 67 í fokheldu ástandi á árinu 1950. Þær eignir aðrar, sem upp voru skrifaðar, virðast því hafa orðið til í hjónabandi þeirra.

Ekki hafa þau hjónin látið gera skrá þá um hjúskapareignir, sem 24. gr. laga nr. 20 frá 1923 innir að. Ekki heldur hefur komið fram nein krafa til skiptaréttarins undir skiptum bús þessa um, að hjúskapareignir hvors aðilja um sig yrðu sérgreindar. Verður ekki betur séð en að með þessu öllu hafi þau fallizt á, að með bú þetta yrði farið sem sameign þeirra.

Verður að líta svo á, að bíllinn R 870 hafi orðið sameign þeirra Ólafs og Guðlaugar Helgu og að hann hafi verið keyptur með það fyrir augum að auka tekjur heimilis þeirra, og á framtali

Ólafs fyrir árið 1956 telur hann tekjur af bifreiðakennslu nema kr. 3000.00. Við uppskrift bús þessa var bíllinn skrifaður upp sem eign félagsbúsins, og er hann var seldur, gekk andvirði hans til félagsbúsins.

Samkvæmt kvittuninni á rskj. nr. 4 virðist Ólafur Jónsson hafa stofnað til 15 þúsund króna skuldar við Þórarinn Jónsson hinn 26. nóvember 1956. Varnaraðili hefur ekki fært fram þau rök gegn réttmæti þessarar skuldayfirlýsingar, að fært þyki að hafna henni. Er ekki heldur ósennileg sú frásögn Ólafs Jónssonar, að hann hafi varið fé þessu til að eignast bílinn R 870.

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, þykir ekki verða hjá því komizt, að úrskurða félagsbúið til að greiða þessa kröfu sóknaraðilja, kr. 15.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá kröfulýsingardegi, 24. maí 1958, til greiðsludags. Enn fremur verður félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur in solidum gert að greiða sóknaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Því úrskurðast:

Félagsbú Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur greiði sóknaraðilja, dánarbúi Þórarins Jónssonar, Vestmannaeyjum, kr. 15.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags. Þá greiði félagsbúið og Guðlaug Helga Sveinsdóttir in solidum sóknaraðilja kr. 2000.00 í málskostnað.
